

**Fundargerð 284. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 20. nóvember 2008 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Mariútröð 5 a, Reykhólum.
Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Sveinn Ragnarsson, Eygló Kristjánsdóttir, Egill Sigurgeirsson, Rebekka Eiríksdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Gústaf Jökull setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð hreppsnefndar 9. október 2008. Samþykkt.
2. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar 17. nóvember 2008. Samþykkt.
3. Fundargerð brunamála- og almannavarnarnefndar 17. nóvember 2008. Samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. Aðalskipulag, afgreiðsla athugasemda og afgreiðsla til Skipulagsstofnunar. Athugasemdir bárust frá þremur aðilum og mun sveitarstjóri senda svör við þeim skv. tillögum um svör sem komin eru fram. Sveitarstjóra falið að senda inn samþykkt gögn til Skipulagsstofnunar.
2. Bréf dags. 6. nóvember 2008 frá Skipulagsstofnun varðandi ákvörðun um matsskyldu vegna Djúpadalsvegar (6087), beiðni um umsögn. Hreppsnefnd Reykhólahrepps telur ekki þörf á að framkvæmdin þurfi að fara í umhverfismat.
3. Bréf dags. 22. september 2008 frá Breiðafjarðarnefnd með ósk um umsögn og athugasemdir við drög að verndaráætlun Breiðafjarðar 2008-2018. Samþykkt að senda fyrirspurn til nefndarinnar um drögin og verður umsögn send í framhaldinu.
4. Bréf dags. 3. nóvember 2008 frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með ósk um samþykkt á fjárhagsáætlun eftirlitsins fyrir árið 2009. Fjárhagsáætlunin samþykkt.
5. Bréf dags. 8. október 2008 frá Samgönguráðuneytinu (Jöfnunarsjóði) um sérstakar húsaleigubætur árið 2009. Samþykkt að geiða sérstakar húsaleigubætur á árinu 2009. Upphæð verði ákveðin í fjárhagsáætlun.
6. Bréf dags. 28. október 2008 frá Sögufélagi Barðastrandasýslu með óks um styrk að upphæð kr. 50.000 vegna útgáfu árbókar Barðastrandasýslu 2008. Samþykkt.
7. Tölvupóstur dags. 12. nóvember 2008 frá Búnaðarsamtökum Vesturlands með kostnaðaráætlun vegna hnitsetningar landamerkja Barma. Áætlaður kostnaður við hnitsetningu er kr. 120-150 þús. án vsk. Hnitsetning verður framkvæmd er gengið hefur verið frá kaupum.

Til kynningar:

1. Bréf dags. 29. október 2008 frá Ungmennafélagi Íslands með hvatningu til sveitarfélaga í landinu að standa vörð um íþrótt- og æskulýðsstarf í landinu. Kynnt.
2. Bréf dags. 5. nóvember 2008 frá Samgönguráðuneytinu (Jöfnunarsjóði) með upplýsingum um aukaframlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélagsins árið 2008, en það nemur 11.106.872 kr. Kynnt.
3. Bréf dags. 6. október 2008 frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands með tilkynningu um úthlutun styrks að upphæð 300.000 úr Styrktarsjóði EBÍ 2008 vegna skráningar og merkinga á heitum hverum í Reykhólahreppi. Reykhólahreppur þakkar kærlega fyrir styrkinn.
4. Yfirlýsing dags. 10. október 2008 frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um aukið samstarf vegna stöðu efnahagsmála. Kynnt.
5. Bréf dags. 22. september 2008 frá Breiðafjarðarnefnd varðandi minnisblað um styrkingu á vernd Breiðafjarðar. Kynnt.

6. Bréf dags. 5. október 2008 frá Fjórðungssambandi vestfirðinga með fundargerðum stjórnar, ársreikningi FV 2007 og afritum bréfa til samgönguráðherra og umhverfisráðherra vegna dóms Héraðsdóms Reykjavíkur á úrskurði umhverfisráðherra frá 5. janúar 2007. Kynnt.
7. Bréf dags. 30. október 2008 frá Fjórðungssambandi vestfirðinga með fundargerðum stjórnar og minnisblaði varðandi fund um Svæðisskipulag Vestfjarða 22. október 2008. Kynnt.

Eygló Kristjánsdóttir yfirgefur fundinn kl. 17:40.

8. Bréf dags. 11. nóvember 2008 frá Fjórðungssambandi vestfirðinga með fundargerðum og ályktunum stjórnar FV. Kynnt. Hreppsnefnd tekur heilshugar undir ályktanir stjórnar FV á fundi þeirra 7. nóv. 2008.
9. Afrit bréfs dags. 6. október 2008 frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu til Ólínu Jónsdóttur um landamerki Miðhúsa og Barma í Reykhólahreppi. Kynnt.
10. Tölvupóstur dags. 10. október 2008 frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga með beiðni um að sveitarfélög samhæfi vinnubrögð sín varðandi velferðarþjónustu íbúa. Kynnt.
11. Bréf dags. 14. nóvember 2008 frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands með ósk um að sveitarfélög standi vörð um barna- og unglingastarf á þessum síðustu og verstu tímum. Kynnt.

Önnur mál :

1. Tölvupóstur dags. 18. nóv. 2008 frá Snæbirni Jónssyni með ósk um að Krossnes í Þorskafirði (landnr. 212605) verði gert að lögbýli. Hreppsnefnd Reykhólahrepps gerir ekki athugasemdir við að Krossnes verði gert að lögbýli.

Karl Kristjánsson mætir á fundinn kl 18:10.

2. Vinnureglur vegna barna frá öðrum sveitarfélögum í grunnskólanum. Innheimta skal eitt og hálfð viðmiðunargjald miðað við reglur Sambands ísl. sveitarfélaga og raunkostnað fyrir aðra þjónustu sem nemendur þurfa á að halda.
3. Fjárhagsáætlun 2009. Ákveðið að hefja vinnu við áætlunina strax.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 19:10.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)